

AUGLÝSING

um breytingu á nafni Kópavogskaupstaðar.

1. gr.

Nafn sveitarfélagsins skal vera Kópavogsbær.

2. gr.

Framangreind breyting, sem samþykkt er af bæjarstjórn Kópavogsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 1. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. janúar 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

21. janúar 1998

Nr. 66

AUGLÝSING

um (6.) breytingu á gjaldskrá fyrir dýralækna.

Ákveðin hefur verið 5,56% hækkun á gjaldskrá dýralækna nr. 204 25. apríl 1990, með síðari breytingum.

Hækkunin gildir frá 1. janúar 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. janúar 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

28. janúar 1998

Nr. 67

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.